

**Mál nr. 336/2018****M og  
vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar L****Krafa um bætur úr sjúklingatryggingu vegna aðgerðar á hægri þumalrót hinn 11.9.2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 30.10.2018, ásamt fylgiskjölum nr. 1-20.

Bréf V, dags. 15.11.2018, ásamt fylgiskjölum 1-2.

**Málsatvik.**

M leitaði til L vegna vaxandi verkja í hægri þumalrót vegna slitgigtar á hægri þumli. Í framhaldi af því framkvæmdi L skurðaðgerð á hægri þumalrót. Í framhaldi af aðgerðinni fékk M mikla verki á aðgerðarsvæðinu vegna sýkingar í skurðsárinu. M krefst bóta þar sem hún hafi orðið fyrir tjóni í tengslum við sjúkdómsmeðferð, sbr. bótaskilyrði 1. og 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. M segir að umrædd sýking hafi haft mikil og alvarleg áhrif á hana og daglegt líf hennar. M segist alltaf vera með verk í hægri þumalfingri eftir aðgerðina og geti hún ekki beitt hendinni að neinu leyti.

V hafnar bótaskyldu og segir að ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að ráðgjöf L um nauðsyn aðgerðar hafi verið röng. Þá liggi ekki fyrir að neitt hafi farið úrskaiðis við aðgerðina. V hafnar því að meðferð M hjá L hafi verið ábótavant. V segir að M hafi fengið sjaldgæfa sýkingu í kjölfar aðgerðarinnar en skv. gögnum LSH hafi sýkingin ekki verið alvarleg heldur hafi verið um grunna sárásýkingu að ræða og meðferð hafi gengið vel. V vísar til álits ráðgefandi lækni M þar sem fram kemur að einkenni M verði fyrst og fremst rakin til grunnsjúkdómsins sem hún glímir við. Þá vísar V til afrits í sjúkraskrá M, dags. 15.3.2018, þar sem fram komi að M sé nokkuð verkjalaus og því virðist sem aðgerð L hafi skilað sér í minni verkjum M. V telur ósannað að einkenni M verði rakin til sýkingar sem hún fékk eftir aðgerð hjá L. Þá segir V að ekkert í gögnum málsins styðji þá niðurstöðu að einkennin teljist sjaldgæfur fylgikvilli.

**Álit.**

M var með slitgigt í höndum og fór í skurðaðgerð á hægri þumalrót hjá L. Sýking, sem var ekki djúp, kom í skurðsár eftir aðgerðina og telur M að sú sýking hafi skert getu hennar til að beita hægri hendinni. Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem sýna fram á, að versnandi einkenni í þumlinum megi rekja til fylgikvilla aðgerðarinnar hjá L. Engin gögn liggja heldur fyrir í málinu sem sýna fram á að ákvörðun L um rannsókn eða meðferð L hafi verið röng eða L hafi getað hagað því með öðrum hætti en hann gerði. Engin matsgerð liggur fyrir eða önnur sönnun á því að einkenni M í dag sé hægt að rekja til fylgikvilla aðgerðar. Ekki er því sýnt fram á að bótaskilyrði skv. 1. eða 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingar séu fyrir hendi. M á því ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 29.11. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jón Magnússon lögfr.